

# KÓPAL AKRÝLHÚÐ 7



- Gerð:** KÓPAL AKRÝLHÚÐ 7 er vatnsþynnt mött akrýlmálning. Málningin inniheldur mygluvarnarefni sem ver málningarfilmuna.
- Notkunarvið:** KÓPAL AKRÝLHÚÐ 7 er einkum ætluð til málunar á loftum og veggjum innanhúss. Hentar sérstaklega vel þar sem mikið raka- og þvottaálag er til staðar t.d. í eldhúsi, þvottahúsi og í léttum iðnaði.
- Eiginleikar:** KÓPAL AKRÝLHÚÐ 7 er létt í notkun hylur vel, hefur einstaklega góða þvottheldni og gefur mjög fallega áferð.
- Varan er samþykkt vara í SCDP í samræmi við gildandi byggingarviðmið (nýbyggingar og endurbætur).

**TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR**

<b>Stofnar:</b>	HVÍTUR, Stofn 10 og Stofn 30
<b>Litir:</b>	Hægt að lita í fjölda lita.
<b>Gljástig:</b>	7 GU (60°)
<b>Efnisnotkun:</b>	8-10 m <sup>2</sup> /l
<b>Pakkningar:</b>	1, 4 og 10 lítrar
<b>Áhöld:</b>	Rúlla, pensill eða háþrýstisprauta.
<b>Þurrktími:</b>	Snertþurrt eftir um 60 mín. við 20°C. Yfirmálun eftir 4-8 klst. allt eftir aðstæðum.
<b>Eðlismassi:</b>	Um 1,3 g/ml
<b>Þurrefni:</b>	Um 50%
<b>Geymsla:</b>	Geymið í lokuðum umbúðum dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa.
<b>VOC:</b>	Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/a 30 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 30 g/l

---

**VERKLÝSING**

---

- Notkunar aðstæður:** Flöturinn skal ver þurr, yfir 5°C og loftraki skal vera undi 80%. Við mjög lágan loftraka, háan hita eða hröð loftskipti getur málningin þornað of hratt sem hefur neikvæð áhrif á áferð.
- Undirbúningur:** Undirlag skal vera þurrt og hreint fyrir málun. Laust bundið og duftsmitandi yfirborð skal fjarlægja t.d. með slípun. Steinsteypa og múr skulu vera a.m.k. mánaðar gömul. Olíu, fitu og önnur óhreinindi skal fjarlægja með hreinsiefnum. Skolið öll hreinsiefnin vel af og látið flötinn þorna vel fyrir málun.
- Nýmálun:** Grunna skal flötinn með viðeigandi grunni fyrir málun t.a.m. má grunna stein, gifs og sparsl með KÓPAL FYLLIGRUNNI eða G.S GRUNNI, timbur og viðarplötur með GRUNNALI eða KÓPAL GRUNNALI, og járn með OXYÐMENJU eða FJÖLGRUNNI. Að lokum eru málaðar 2 umferðir með KÓPAL AKRÝLHÚÐ 7
- Endurmálun:** Þrífið flötinn með MÁLNINGARHREINSI og skolið vandlega með vatni. Fjarlægja skal alla lausa málningu og gerið við flötinn. Alkýðmálningu og gljáandi fleti skal matta með sandpappír, til að góð viðloðun náist. Því næst eru málaðar 2 umferðir með KÓPAL AKRÝLHÚÐ 7.
- Þynnir:** Vatn, allt að 10% til að auðvelda vinnslu. Ekki skal geyma þynnta málningu.
- Hreinsun áhald:** Með volgu vatni strax eftir notkun. Skafið málningu af áhöldum fyrir hreinsun. Notið penslasápu ef málning hefur harðnað í verkfærum.
- Athugið:** Eftir opnun minnkar geymsluþol. Full þvottheldni næst eftir 3-4 vikur. Við þvott getur orðið gljáabreyting, til að jafna gljáann getur þurft að þvo allan flötinn. Skilið tómunum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.